

Aukið vægi skólasamninga

Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla fá skólasamningar nú aukið vægi. Í þeim kemur fram sýn skólanna til framtíðar, áherslur á öllum sviðum, upptökusvæði og skyldur við nærsamfélagið, námsframboð og inntökuskilyrði svo nokkuð sé nefnt. Sérstakur stýrihópur fer fyrir samningsgerðinni, en Ólafur Sigurðsson verkefnastjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti leiðir þann hóp sem fer út í skólana til viðræðna.

Í liðinni viku lauk fyrri lotu þessarar samningsgerðar, en þá var búið að heimsækja alla framhaldsskólana. Nú hafa þeir nokkurn frest til þess að skilgreina framtíðarsýn sem á að birtast í samningi fyrir árin 2010-2012. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun síðan skoða þær tillögur til þess að greina hvort skólarnir koma til móts við þær þarfar sem nýjum lögum er ætlað að uppfylla, en haustið 2011 verða þau að öllu leyti gengin í gildi. Fulltrúar skólanna munu síðan koma til funda í ráðuneytið eftir áramótin og í kjölfar þeirra verður væntanlega hægt að undirrita samning við hvern skóla.

Ráðuneytið leggur áherslu á að þessir skólasamningar verði lifandi samskiptatæki skóla og yfirvalda, þeir byggist á trausti aðila og verði sífellt í endurskoðun, enda eru skólar lifandi stofnanir sem í senn laga sig að þjóðfélaginu og leggja grundvöll að breytingum á því.

Ráðstefnan Sköpunarkraftur ungs fólks

Dagana 2. – 4. desember, mun mennta- og menningarmálaráðuneytið standa fyrir þriggja daga ráðstefnu um sköpunarkraft ungs fólks. Í því tilefni verður ungu afreksfólki frá Norðurlöndunum boðið til landsins til að vinna með og tengjast Íslendingum. Dagskrá ráðstefnunnar er fjölbreytt og er leitast við að draga fram í dagsljósið helstu einkenni skapandi starfs innan skólakerfis og utan.

Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á vef ráðstefnunnar: www.yourhost.is/ichy2009/draft-agenda.html. Ráðstefnan er öllum opin og eru enn nokkur sæti laus fyrir þá sem vilja.

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk 2009

Í lögum nr. [91/2008](#) um grunnskóla er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Dagana 14., 15. og 16. september 2009 voru í fyrsta skipti haldin samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði í 10. bekk í grunnskólum haldin í fyrsta skipti. Í töflunum hér að neðan má annars vegar sjá fjölda nemenda sem þreyttu prófin og ástæður fjarvista nemenda á prófdegi og hins vegar yfirlit yfir fjölda nemenda í 10. bekk sem nýttu sér stuðningsúrræði við próftöku.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Tillögur um úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu

Vinnuhópur sem settur var á fót í september til að fjalla um aðgerðir til að stuðla að virkni atvinnulausra hefur skilað tillögum sínum. Félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra stofnuðu vinnuhópin og fólu honum að fjalla um þau úrræði sem standa til boða fólki sem misst hefur atvinnu sína, kanna námsmöguleika þess og gera tillögur um úrbætur.

Aflað var viðamikilla upplýsinga um hagi atvinnulausra og þær greindar. Sérstök áhersla var lögð á að greina aðstæður ungs fólks án atvinnu, enda er atvinnuleysi hlutfallslega mest meðal fólks undir þrítugu.

Í skýrslu hópsins er bent á að Ísland hafi lengi haft sérstöðu vegna mikils brotfalls nemenda úr framhaldsskólum og einnig

Fjöldi nemenda í hverju prófi í 10. bekk ásamt ástæðum fjarvista

| | Íslenska | | Stærðfræði | | Enska | |
|---------|----------|------|------------|------|-------|------|
| | fj. | % | fj. | % | fj. | % |
| Mættir | 4075 | 88,7 | 3986 | 86,8 | 4122 | 89,8 |
| Veikir | 110 | 2,4 | 168 | 3,7 | 121 | 2,6 |
| Fjarv. | 238 | 5,2 | 336 | 7,3 | 327 | 7,1 |
| Undanþ. | 169 | 3,7 | 102 | 2,2 | 22 | 0,5 |
| Samt. | 4592 | | 4592 | | 4592 | |

Yfirlit um stuðningsúrræði sem nemendur nýta sér

| | Íslenska | | Stærðfræði | | Enska | |
|------------------|----------|------|------------|------|-------|------|
| | fj. | % | fj. | % | fj. | % |
| Lesstuðningur | 556 | 13,6 | 529 | 13,3 | 566 | 13,7 |
| Fölgul prófhefti | 408 | 10,0 | 383 | 9,6 | 413 | 10,0 |
| Túlkun | 39 | 1,0 | 57 | 1,4 | 61 | 1,5 |
| Vefritun | 134 | 3,3 | 127 | 3,2 | - | - |
| Frásögn í ritun | 10 | 0,2 | 7 | 0,2 | - | - |
| Annað | 20 | 0,5 | 18 | 0,5 | 20 | 0,5 |

vegna síðbúinna námsloka hjá stórum hópi þar sem fólk lýkur námi á þrítugs- og fertugsaldri. Í ljósi mikils atvinnuleysis meðal ungs fólks sé því áriðandi að menntakerfið og vinnumálakerfið bregðist við, hamli sem mest gegn brottfalli og beini sem flestu menntunarlitlu og atvinnulausu ungu fólki í nám á nýjan leik. Einnig er bent á að þótt áhersla verði lögð á að beina ungu fólki í nám þurfi jafnframt að tryggja öflug virkniúrræði fyrir ungt fólk þar sem rannsóknir hafa sýnt að meirihluti brottfallsnemenda er fráhverfur framhaldsskólanámi.

Skýrsluna má nálgast á [vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#).

